



Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs

Vilt þú móta framtíð upplýsingatækni á Íslandi?

Nýherji er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á sínu sviði og hefur afgerandi áhrif á umhverfi upplýsingatækni á Íslandi með þróun þjónustu og lausna.

Á spennandi tímamótum leitum við að metnaðarfullum leiðtoga til að veita fyrirtækjasviði Nýherja forystu.

Fyrirtækjasvið annast sölu lausna fyrir íslenskt atvinnulíf. Þar starfa framúrskarandi sérfræðingar í viðskiptastjórnun, söluráðgjöf og lausnaþróun, sem hafa metnað til að fara fram úr væntingum viðskiptavina.

Helstu verkefni:

- Seta í framkvæmdastjórn og þátttaka í stefnumótun.
- Ábyrgð á sölustarfi Nýherja á fyrirtækjamarkaði.
- Daglegur rekstur fyrirtækjasviðs og stjórnun mannauðs.
- Þátttaka í lausnaþróun.

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir:

- Yfirgripsmikilli þekkingu á upplýsingatækni og íslensku atvinnulífi.
- Reynslu á sviði viðskiptastjórnunar og sölu.
- Metnaði og hæfni til að byggja upp sterka liðsheild.
- Frumkvæði, áráðni og lipurð í samskiptum.
- Brennandi áhuga á þjónustu.
- Leiðtogahæfileikum og skýrri framtíðarsýn.
- Háskólaprófi sem nýtist í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veita Finnur Oddsson, forstjóri, og Dröfn Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri. Umsóknarfrestur er til og með 8. október 2013. Umsóknir skulu sendar á netfangið drofn@nyherji.is. Allar umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa samtals 520 starfsmenn — á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð. Sameiginlegt markmið þessa öfluga hóps er að hjálpa viðskiptavinum Nýherja að nýta upplýsingatækni til að ná betri árangri.



Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum framleiðir þang- og þaramjöl í háum gæðaflokki. Sérstaða fyrirtækisins er lifræn vottun framleiðslunnar og öflun hráefnisins miðar að sjálfbærni náttúrunnar. Fyrirtækið er að stærstum hluta í eigu FMC BioPolymer (71%) og Byggðastofnunar (28%). Ársverk hjá fyrirtækinu s.l. ár voru 16 auk starfa verktaka við þangslátt. Áætluð ársvelta er 400 milljónir kr. Afurðirnar eru að langmestu leyti fluttar út og m.a. nýttar til framleiðslu alginats, fóðurbætis, áburðar og snyrtivara. Rekstur Þörungaverksmiðjunnar hf. hefur gengið vel s.l. ár og er fyrirhugað að efla hann enn frekar á komandi árum. Rík áhersla er lögð á öryggismál og velferð starfsmanna.

Á Reykhólum er mikil náttúrufergurð og þar m.a. starfræktur gunnskóli, leikskóli, sundlaug og bókasafn. Nánar á www.thorverk.is

Framkvæmdastjóri

Stjórn Þörungaverksmiðjunnar hf. á Reykhólum óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að takast á við krefjandi stjórnunarstarf í alþjóðlegu umhverfi

Helstu verkefni

- Dagleg framkvæmdastjórn með áherslu á öryggi og ábyrgð í rekstri, fjármál, markaðs- og sölumál, starfsmannastjórnun, vöruþróun og dreifingu
- Setning markmiða og stefnumótun til framtíðar í samvinnu við stjórn fyrirtækisins
- Áhersla er lögð á að viðhalda góðum tengslum við eigendur fyrirtækisins, viðskiptavini og samfélagið

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði stjórnunar, viðskipta-, verk- eða tæknifræði – eða sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnun í framleiðslufyrirtæki
- Reynsla af öryggis- og gæðamálum
- Áhersla er lögð á að viðkomandi hafi góða kunnáttu í ritaðri og talaðri ensku og íslensku
- Viðkomandi þarf að vera framsækinn og sjálfstæður, sýna frumkvæði og hafa áráðni til að takast á við krefjandi stjórnunarstarf hjá traustu og vel reknu fyrirtæki

Í boði er áhugavert og krefjandi starf í fallegu umhverfi Reykhóla, með góðum kjörum og húsnæði.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 6. október n.k. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf. Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

ÞEKKIR ÞÚ LAGNAEFNI?

Í kjölfar vaxandi umsvifa óskar Vatn og Veitur eftir hressum og öflugum sölumanni.

Starfslýsing:

- Sala og ráðgjöf til núverandi viðskiptavina.
- Öflun nýrra viðskiptavina í ört vaxandi viðskiptavinahópi.
- Heimsóknir til viðskiptavina og kynning á þjónustu og vöruúrvali fyrirtækisins.
- Önnur verkefni sem tengjast sölu- og þjónustumálum.

Hæfniskröfur:

- Reynsla og þekking á lagnaefni er skilyrði fyrir umsókn.
- Frumkvæði, hugmyndaauðgi og metnaður.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Samkeppnishæf laun ásamt árangurstengingu launa er í boði.

Vatn og Veitur selur lagnaefni fyrir vatnsveitur og pípuþvottamenn. Hjá fyrirtækinu starfa þrjú starfsmenn. Fyrirtækið var stofnað árið 2010 og er umboðsaðili fyrir Hawle á Íslandi. Vörur frá Hawle hafa verið í notkun hjá vatnsveitum um allt land í 30 ár.



Nánari upplýsingar veitir Anna Linda Magnúsdóttir (annalinda@vatnogveitur.is) í síma 691-4830. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Leikskólakennari í hlutastarf á leiksk. Dal
- Sérkennslustjóri á leikskólann Læk
- Starfsmaður á heimili fyrir fatlaða

Fleiri störf og nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Lektor í efnafræði	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201309/073
Kerfisstjóri	Matvælastofnun	Selfoss	201309/072
Sérfræðingur í stjórnsýslu	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201309/071
Geislafræðingur	LSH, röntgendeild	Reykjavík	201309/070
Sérfræðilæknir	LSH, innkirtla- og efnask.sjúkd.l.	Reykjavík	201309/069
Lífeindafræðingur	LSH, hjartalækningar	Reykjavík	201309/068
Sérfræðilæknir í hjartalækningum	LSH, hjartarannsóknarstofa	Reykjavík	201309/067
Aðstoðarvarðstjóri	Fangelsismálastofnun ríkisins	Litla-Hraun	201309/066
Aðstoðarlæknir, deildarlæknir	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201309/065
Aðstoðarvarðstjórar	Fangelsismálastofnun ríkisins	Höfuðborgarsv.	201309/064
Fangavörður	Fangelsismálastofnun ríkisins	Höfuðborgarsv.	201309/063
Sérfræðingur	Samgöngustofa	Ísafjörður	201309/062
Sérfræðingur	Samgöngustofa	Kópavogur	201309/061
Sérfræðingur í skipaefirliti	Samgöngustofa	Kópavogur	201309/060
Hópstjóri umferðarefirlits	Samgöngustofa	Kópavogur	201309/059
Sérfræðingur við leiðsögu á sjó	Samgöngustofa	Kópavogur	201309/058
Sérfræðingur við hafnarmannvirki	Samgöngustofa	Kópavogur	201309/057
Bókari	Samgöngustofa	Kópavogur	201309/056
Matráður	Samgöngustofa	Reykjavík	201309/055
Deildarstjóri	Samgöngustofa	Kópavogur	201309/054
Sérfræðingur á þjónustudeild	Vegagerðin	Reykjavík	201309/053
Lögreglumáður	Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi	Ólafsvík	201309/052
Tæknimaður	Vegagerðin	Akureyri	201309/051



EUROPEAN UNION
DELEGATION TO ICELAND

Policy Officer for the EU Delegation

The Delegation of the European Union to Iceland is seeking to recruit a Policy Officer with the following qualifications:

- Knowledge of Icelandic politics, economy, society and media system as well as of the EU
- Relevant university degree or similar background
- Capacity to communicate clearly
- Native Icelandic speaker, fluent in English

The Policy Officer will, among other things, cover the following functions:

- Analysing and reporting on political, economic and EU related issues
- Developing and maintaining good relations with Icelandic media and society
- Management of the Delegation's web-site, preparation of information material and organisation of communication events

Please e-mail your application letter including a CV before **8th October 2013** (English only) to: DELEGATION-ICELAND@eeas.europa.eu

For more information please consult: http://eeas.europa.eu/delegations/iceland/about_us/vacancies/index_en.htm

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Lífeyrissjóður óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn sjóðsins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. janúar 2014.

Starfssvið:

- Yfirumsjón með rekstri sjóðsins
- Stefnumótun í samráði við stjórn
- Framkvæmd fjárfestingarstefnu sjóðsins og ábyrgð á ávöxtun eigna hans
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Samskipti við opinberar stofnanir, aðra lífeyrissjóði og samstarfsaðila
- Upplýsingagjöf til stjórnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í viðskipta-, hag- eða lögfræði
- Próf í verðbréfavíðskiptum
- Víðtæk þekking á starfsemi lífeyrissjóða
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja itarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

SÉRFRÆÐINGUR Í ÚRVINNSLU OG GREININGU GAGNA



Langar þig að vinna hjá einu stærsta þekkingarfyrirtæki landsins?

Rannsóknarsvið Capacent leitar að öflugum sérfræðingi í úrvinnslu og greiningu gagna. Í starfinu felst m.a. almenn tölfræðiúrvinnsla, greining gagna, skýrslugerð og þróunarvinna.

Þú þarft að hafa brennandi áhuga á að vinna með töluleg gögn, búa yfir greiningarhæfni, mjög góðri almennri tölvukunnáttu, vera með háskólagráðu sem nýtist í starfi ásamt góðri færni í mannlegum samskiptum.

Rannsóknir Capacent eru m.a. á sviði markaðs-, ímyndar-, þjónustu-, starfsmanna- og kjaramála. Capacent er í eigu starfsmanna og býður upp á þjónustu á sviði rannsókna, ráðgjafar og ráðninga. Capacent er eitt af stærstu þekkingarfyrirtækjum landsins og þar starfa metnaðarfullir starfsmenn með viðtæka menntun og þekkingu.

Umsóknarfrestur er til og með 9. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Einnig þarftu að:

- Hafa reynslu af notkun SPSS og Excel
- Eiga auðvelt með að vinna bæði sjálfstætt og með öðrum
- Vera nákvæm(ur) og samvirkusamur/-söm
- Búa yfir frumkvæði
- Vera metnaðarfull(ur)

Forritunarkunnáttu og reynsla af vinnu með gagnagrunna er einnig mikill kostur.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000



STÖRF HJÁ MICROSOFT Á ÍSLANDI



Microsoft

Microsoft óskar eftir að ráða sölu- og markaðsdrifna einstaklinga til starfa. Um mjög spennandi og krefjandi störf er að ræða.

SÖLUSTJÓRI MICROSOFT DYNAMICS OG STÆRRI FYRIRTÆKJA

Sölustjórinn þarf að vera leiðtogi á sínu sviði og kappsfullur liðsfélagi í samhentum hópi. Einskær áhugi á Microsoft og hugbúnaðarlausnum er nauðsynlegur ásamt baráttuanda og óþrjótandi áhuga á því að ná árangri í krefjandi sölustarfi.

Starfslýsing:

Sölustjóri Dynamics og stærri fyrirtækja er ábyrgur fyrir Microsoft Dynamics markaðnum á Íslandi, sem er að stærstum hluta rekinn af samstarfsaðilum Microsoft. Þá er sölustjóranum ætlað að vinna með stærri viðskiptavinum Microsoft á Íslandi og aðstoða þá í stefnumótandi ákvarðanatöku í upplýsingatæknimálum. Um er að ræða mjög spennandi og krefjandi starf sem gefur viðkomandi tækifæri til starfsframa hjá Microsoft Corporation. Sölustjóri Dynamics þarf að geta ferðast nokkrum sinnum á ári til Bandaríkjanna og/eða Evrópu.

Menntunar- og hæfniskröfur sölustjóra eru:

- Háskólamenntun er skilyrði, meistaraþróf eða MBA nám að auki mjög æskilegt
- 5 til 10 ára reynsla í svipuðu eða sambærilegu starfi
- Geta til að vinna undir miklu álagi
- Góð reynsla af viðskiptalausna og CRM markaðnum á Íslandi
- Reynsla af samskiptum við stærri íslenska viðskiptavini og ákvörðunaraðila
- Góð reynsla af verkefnastjórnun og forgangsröðun verkefna
- Yfirborðsþekking á vörum og lausnum Microsoft
- Góð færni í að tala og skrifa ensku skilyrði
- Ögun og nákvæmni í vinnubrögðum

Microsoft er alþjóðlegt fyrirtæki með starfsstöðvar á Íslandi. Microsoft er eitt stærsta hugbúnaðar og lausnafyrirtæki í heiminum og teygir anga sína um allan heim. Starfsmenn fyrirtækisins hafa möguleika á að vaxa í starfi á alþjóðlega vísu sem og vaxa sem einstaklingar í samræmi við gagnkvæma markmiðasetningu. Microsoft býður starfsmönnum áhugaverð starfskjör sem eru í samræmi við skyldur starfsmanns og markmið fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur er til og með 6. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um störfina þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000





Setur þú markið hátt?

Viltu verða frumkvöðull í uppbyggingu 4G á Íslandi?
Viltu starfa með öflugum teymi harðsnúinna fjarskiptasérfræðinga við uppbyggingu, rekstur, mælingar og bestun farsímadreifikerfa um allt land? Þá er starf tæknimanns í radíódeild Vodafone eitthvað fyrir þig.

Ef þú hefur háskólamenntun í rafmagnsverkfræði og/eða tækniþætti, frumkvæði og metnað í starfi og vilt takast á við fjölbreyttar aðstæður hvetjum við þig til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf.
Umsóknarfrestur er til og með 6. október 2013.

Þín ánægja er okkar markmið



UMSJÓNARMAÐUR HEILSUHÚSSINS Í LÁGMÚLA

VIÐ LEITUM AÐ SJÁLFSTÆÐUM OG METNAÐARFULLUM LEIÐTOGA
Í STARF UMSJÓNARMANNS.

STARFSSVIÐ OG HELSTU VERKEFNI:

- ✓ Umsjón með daglegum rekstri verslunar.
- ✓ Umsjón með mönnun og vaktaplani.
- ✓ Umsjón með pöntunum á vörum, sölu og birgðum.
- ✓ Umsjón með skipulagi og útliti verslunar.
- ✓ Aðstoð við viðskiptavinum í verslun.

HÆFNISKRÖFUR

- ✓ Mikill áhugi og góð þekking á heilsu og heilsuvörum.
- ✓ Hæfni til að stýra og vinna með fólki.
- ✓ Miklir söluhæfileikar og rík þjónustulund.
- ✓ Góð tölvukunnátta.
- ✓ Geta til að vinna undir álagi.
- ✓ Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 6. OKTÓBER N.K.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veita Anna Svava Traustadóttir, verslunarstjóri og Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri.

Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið hallur@heilsuhusid.is

SVARIÐ BYR Í NÁTTÚRUNNI



LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI REYKJANESBÆ



ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

PRIMO er nýr og flottur ítalskur veitingastaður sem mun opna í nóvember að Grensásvegi 10. Matur, þjónusta og aðstaða öll verður til fyrirmyndar og viðskiptavinirnir frábær hópur fólks sem nýtur þess að gera vel við sig í mat og drykk á sanngjörnu verði.

Til þess að þetta geti orðið þurfum við að sjálfsögðu úrvals fólk til starfa. Okkur vantar vana menn í eldhús og við eldofninn, þjóna í fullt starf, þjóna í aukavinnu og vaktstjóra í sal.

Reynsla, þjónustulipurð, snyrtimennska og brosmildi skilyrði.

Umsóknir með ferilskrá og meðmælanda sendist til haukvi@gmail.com
Öllum umsóknum verður svarað

Dagvinna – fjölbreytt verkefni – þjálfun – sveigjanlegur vinnutími

Vegna aukinna verkefna vantar okkur fleiri þjónustulipra sölufulltrúa í dagteymið okkar.

25 ára+ og fólk með reynslu gengur fyrir.

Upplýsingar í s. 647 4700
og dagvinna@simstodin.is



Næturvarsla í Konukoti

Starfskona óskast við kvöld og næturvörslu í Konukoti, athvarfi fyrir heimilislausar konur (sjá. nánar á www.Konukot.is)

60-80% starfshlutfall

Starfsmaður ber ábyrgð á móttöku og þjónustu við notendur athvarfsins auk almennrar umsjónar.

Menntun og hæfniskröfur:

- Almenn menntun
- Reynsla og áhugi á að starfa með fólki sem á við neyslu og/eða geðræn vandamál að stríða
- Lausnarmiðuð hugsun og vinnulag
- Polínæði og umburðarlyndi
- Góðir samskipta og samstarfshæfileikar

Umsóknarfrestur til 5. október 2013

Umsóknir sendist til:

Reykjavíkurbætur Rauða kross Íslands
b.t. Kristín H. Guðmundsdóttir
Laugavegi 120, 4. hæð, 104 Reykjavík
eða netfang kristinhelga@redcross.is



VESTURBYGGÐ



Tálknafjörður

Byggingarfulltrúi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur auglýsa eftir kröftugum einstaklingi til þess að veita sinna starfi byggingarfulltrúa og vera yfirmaður tæknideildar. Leitað er eftir verkfræðingi, tækniþætti eða byggingarfræðingi með mikla reynslu á sviði skipulags- og byggingarmála.

Byggingarfulltrúi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps hefur yfirumsjón með skipulags- og byggingarmálum og öllum verklegum framkvæmdum og viðhaldi á vegum sveitarfélaganna. Forstöðumaðurinn hefur forystu um faglegan undirbúning við mótun stefnu á sviði skipulags- og byggingarmála á hverjum tíma og er skipulags- og byggingarnefndum, bæjar- og sveitarstjóra og sveitarstjórnnum til ráðgjafar á því sviði og sér um að lögum og reglugerðum varðandi skipulags- og byggingarmál sé framfylgt. Hann ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, eftirliti með viðhaldi, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði skipulags- og byggingarmála sbr. 8 gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 7. gr. skipulags laga nr. 123/2010 er skilyrði.
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum, byggingarreglugerð er æskileg.
- Reynsla af stjórnun er æskileg.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er æskileg.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði, framsýni og skipulagshæfni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi fagfélags og Launanefndar sveitarfélaga.
Umsóknarfrestur er til og með 7. Október nk.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn til bajarstjori@vesturbyggd.is. Umsókninni þarf að fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf þar sem umsækjandi gerir sérstaklega grein fyrir hæfni til starfars út frá ofangreindum hæfniskröfum. Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina a.m.k. 2 umsagnaraðila í umsókn sinni.

Nánari upplýsingar veitir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar s. 450-2300.
Öllum umsóknum verður svarað



Neytendasamtökin

Starfsmaður óskast

Neytendasamtökin óska eftir starfsmanni í hlutastarf til að sinna móttöku, símsvörun og almennum skrifstofustörfum. Vinnutími er frá 9:30-15:10.

Leitað er að starfsmanni sem er góður í mannlegum samskiptum, íslensku og ensku og hefur áhuga á neytendamálum. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt verkefni á góðum og fámennum vinnustað.

Umsóknir og fyrirspurnir berist **Puríði Hjartardóttur** í tölvupósti, th@ns.is fyrir 7. október nk.

VÉLAMADUR ÓSKAST

Góð alhliða reynsla á vinnuvélar, meirapróf og íslenskukunnátta er skilyrði.

Upplýsingar veitir **Gísli Kristinn Ísleifsson** í síma **899-7649** og í tölvupósti: hjbilarehf@gmail.com

HJ bílar ehf., sem er staðsett í Álfnesi, er fámenn en góðmennt fyrirtæki sem býr yfir góðum vélakosti og krefjandi verkefnum.

HJ
Bílar



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða leikskólastjóra við leikskólann Sólborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Sólborg.

Sólborg er fimm deilda leikskóli við Vesturhlíð 1 í Öskjuhlíðinni. Í leikskólanum er unnið samkvæmt hugmyndafræði og aðferðum náms án aðgreiningar með jákvæðni og lausnaleyti að leiðarljósi. Þá hefur starfsfólk sérhæft sig í að mæta þörfum heyrnarkertra og heyrnarlausra barna og eru táknað og íslenska notuð í leikskólastarfinu. Leikskólinn er með Grænfánann og eru umhverfisvernd og útinám í hávegum höfð. Í Sólborg er unnið samkvæmt aðferðum SMT um jákvæðan skólabrag.

Einkunnarorð Sólborgar eru virðing – leikni – samvinna.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram það metnaðarfulla leikskólastarf sem þróað hefur verið í Sólborg.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:

- Vera faglegur leiðtogi leikskóla og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Þekking á gildum og aðferðum náms án aðgreiningar.
- Þekking á máli og menningu heyrnarlausra.
- Jákvætt viðhorf til margbreytileikans.
- Stjórnunarþæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði, frumkvæði og hæfni til að vinna í hópi.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. desember 2013. **Umsóknarfrestur er til og með 20. október 2013.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veita **Hildur Skarphéðinsdóttir**, skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu, og **Valgerður Janusdóttir**, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: hildur.skarphedinsdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Vilt þú ganga til liðs við TM snillinga?

TM vill bæta við öflugum einstaklingum í hóp söluverktaka félagsins.

Verkefni

Alhliða váttryggingaráðgjöf og sala til einstaklinga og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Hæfniskröfur

Einstaklingar sem hafa til að bera frumkvæði, kraft, útsjónarsemi, framúrskarandi samskiptahæfileika og þjónustulund eru hvattir til að sækja um.



Ef þú hefur áhuga á að komast í hóp TM snillinga skaltu senda okkur umsókn. Umsókn ásamt ferilskrá, auðkennd með yfirskriftinni „Söluverktaki“ skal send á netfangið starf@tm.is. Umsóknarfrestur er til og með 6. október 2013. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Gunnar Oddsson, forstöðumaður sölu, s: 515 2196 (gunnaro@tm.is), veitir nánari upplýsingar

Hjá TM er viðskiptavinurinn og hagsmunir hans okkar megin viðfangsefni. Það er markmið okkar að viðskiptavinir upplifi í öllum samskiptum sínum við TM að ekkert tryggingafélag á Íslandi veiti betri vernd gegn áföllum. Í því felst að viðskiptavinurinn sé rétt tryggður á hverjum tíma og fái ávallt framúrskarandi þjónustu og snögga úrlausn sinna mála hvort sem er við kaup á tryggingum, við tjón, í lánaviðskiptum eða greiðsluþjónustu.



Nordens roligaste chefsjobb

Administrativ chef

- till Nordens Velfärdscenter

Vi söker dig som kan utveckla den administrativa organisationen för att motsvara de krav som ställs på en växande institution med ett komplext uppdrag.

www.nordicwelfare.org/ledigajobb



Nordens Velfärdscenter
- en institution under
Nordiska ministerrådet.

Vi arbetar med välfärdspolitiska
frågor på nordisk nivå.

TÆKNIMAÐUR - AKUREYRI

Laust er starf tæknimanns í umsjónardeild Vegagerðarinnar á Akureyri. Um 100% starf er að ræða. Með tilliti til aldursamsetningar starfsmanna Vegagerðarinnar er gjarnan tekið við umsóknum frá yngra fólki með nýleg próf.

Starfssvið

- Áætlanagerð þjónustu-, viðhalds- og nýframkvæmdaverka
- Gerð útboðslýsinga og kostnaðaráætlana
- Eftirlit með framkvæmdum ásamt tæknilegu og fjárhagslegu uppgjöri
- Hönnun smærri verka

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði
- Góð tölvukunnátta og kostur að hafa reynslu af Microstation og Inroads
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur með tilskyldar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 14. október 2013.

Umsóknir berist mannauðsstjóra netfang oth@vegagerdin.is

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Guðmundur Heiðreksson, deildarstjóri í síma 522 1830

og Haukur Jónsson, deildarstjóri í síma 522 1840.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



HJARTARANNSÓKNARSTOFA

Lífeindafræðingur

Laust er til umsóknar starf við hjartaómun á hjartarannsóknarstofu við Hringbraut. Þekking og reynsla af hjartaómun æskileg.

Til greina kemur að þjálfna einstakling sem áhuga hefur á verkefninu, en hefur takmarkaða fyrri reynslu af hjartaómun. Möguleiki er á að vinna að mastersverkefni tengt starfinu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ómanir af hjarta og varðveisla gagna þar að lútandi
- » Úrvinnsla og túlkun niðurstaðna í samvinnu við hjartalækna
- » Þátttaka í öðrum verkefnum á hjartarannsókn eftir nánari ákvörðun stjórnanda

Hæfniskröfur

- » Íslenskt starfsleyfi sem lífeindafræðingur
- » Sjálfstæð og skipulög vinnubrögð
- » Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2013.
- » Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi, unnið er í dagvinnu.
- » Upplýsingar veita Ragnar Danielsen, sérfræðilæknir, netfang ragnarda@landspitali.is, sími 824 5325 og Jóhanna S. Gunnlaugsdóttir, yfirlífeindafræðingur, netfang johsgunn@landspitali.is, sími 543 6158.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Pfaff er fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfrækt í yfir 80 ár, og það á sömu kennitölunni. Starfsfólkið er stolt af fyrirtækinu sem er í senn rötgróið og íhaldssamt en þó síungt í anda.

Starfsmaður á verkstæði

Pfaff óskar eftir að ráða starfsmann á verkstæði.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Símsvörun
- Móttaka og afhending vara í og úr viðgerð
- Léttar viðgerðir á smáraftækjum
- Ýmislegt tilfallandi

Með tímanum myndi starfsmaðurinn fá kennslu og aukna ábyrgð á saumavélaverkstæði.

Leitað er að laghentum og þjónustulundudum einstaklingi sem er jafnframt góður í mannlegum samskiptum.

Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 6. október.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Gæðastjóri

Öflugt framleiðslufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða gæðastjóra til starfa. Viðkomandi kemur til með að stýra gæðamálum fyrirtækisins sem og að taka þátt í þróunarvinnu. Leitað er að reyndum aðila með góða samstarfs- og samskiptahæfileika.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Umsjón, rekstur og endurskoðun gæðakerfis
- Rekstur gæðahandbókar
- Umsjón með góðum framleiðsluháttum og forvörnum
- Sýnatökur
- Innleiðing vottunar
- Þróunarvinna

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði matvælafræða, dýralækninga, líffræði eða sambærilegt
- Reynsla af gæðastjórnun í framleiðslu
- Reynsla og þekking á örverufræðum
- Reynsla af innleiðingu vottunar kostur
- Góðir samskiptahæfileikar, áreiðanleiki og nákvæmni

Upplýsingar veitir:

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 8. október.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



SUBWAY er stærsta veitingahúsakeðja heims með yfir 40 þúsund veitingastaði í rúmlega 100 löndum. Stjarnan ehf. rekur 23 Subway veitingastaði á Íslandi sem staðsettir eru víða um land.

Framkvæmdastjóri

Stjarnan ehf., einkaleyfishafi Subway á Íslandi, óskar að ráða framkvæmdastjóra. Fyrirtækið leitar að sterkum leiðtoga til að halda áfram öflugri sókn Subway á Íslandi. Fyrirtækið er ein stærsta veitingahúsakeðjan á íslenska markaðinum. Nýr framkvæmdastjóri þarf að búa yfir drifkrafti og metnaði til að leiða áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 300 starfsmenn.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Stjórnun á rekstri fyrirtækisins og tengdra félaga
- Framkvæmd og eftirfylgni við stefnu fyrirtækisins í þjónustu-, gæða-, markaðs- og mannauðsmálum
- Samskipti og samningagerð við viðskiptavinum, birgja og samstarfsaðila
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Vörubrúun í samráði við höfuðstöðvar Subway

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunar- og leiðtogahæfileikar
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun nauðsynleg
- Samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru nauðsynlegir kostir

Upplýsingar veita:

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 11. október.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



FLUGMENN ÓSKAST TIL STARFA HJÁ ICELANDAIR

Vegna aukinna umsvifa óskar Icelandair eftir að ráða flugmenn til starfa. Leitað er eftir áhugasömum flugmönnum í áhugavert og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

Umsækjendur þurfa að hafa gilt atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun. Hafa lokið bóklegu námi til réttinda atvinnuflugmanns 1. flokks (ATPL) og námskeiði í áhafnasamstarfi (MCC).

UMSÓKNUM ÞURFA AÐ FYLGJA EFTIRFARANDI GÖGN:

- | Afrit af flugmannsskírteini ásamt áritunum og heilbrigðisvottorði
- | Afrit af prófskírteinum ásamt einkunnum fyrir allt bóklegt flugnám
- | Afrit af stúdentskírteini eða öðrum sambærilegum prófskírteinum ásamt einkunnum
- | Afrit af síðustu 100 fartímum í flugdagbók
- | Nýtt sakavottorð

Atvinnuflugmannsskírteini umsækjenda skulu gefin út af Flugmálastjórn Íslands, nú Samgöngustofu, eða öðru aðildarríki Flugöryggissamtaka Evrópu (EASA) í samræmi við JAR – FCL / PART – FCL.

Krafa er um 500 flugtíma að lágmarki, þar af 100 flugtíma reynslu sem flugstjóri.

Vegna fyrirsjáanlegrar árstíðarsveiflu í umsvifum Icelandair er gert ráð fyrir að nýir flugmenn hefji störf næsta vor og starfi til hausta.

Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi.

Á UMSÓKN SKAL VERA SUNDURLIÐUN FLUGTÍMA SEM HÉR SEGIR:

- | Heildarfartími
- | Fartími sem kennari
- | Fartími í blindflugi
- | Fartími sem flugstjóri
- | Fartími á fjölhreyfla flugvél
- | Fartími á fjölstjórnarflugvél (MPA)
- | Fartími á þotu og skrufuþotu

Umsóknarfrestur:

Umsóknarfrestur er til og með 15. október.
Eingöngu er hægt að sækja um starfið á vef Icelandair www.icelandair.is/umsokn
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Fyrirspurnum svara:

Hilmar B. Baldursson, flugrekstrarstjóri | hba@icelandair.is
Porgeir Haraldsson, yfirflugstjóri | tor@icelandair.is
Starfsmannasvið, starf@icelandair.is | 5050 300



INNKAUPAFULLTRÚI ÓSKAST

Helstu verkefni:

- Eftirfylgni innkaupapantana
- Umsjón með endursendingum
- Samskipti við birgja og vörustjóra
- Önnur tilfallandi verkefni sem snúa að innkaupum

Hæfniskröfur:

- Reynsla af skrifstofustörfum
- Góð tölvukunnátta
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Enskukunnátta kostur

Umsóknir og frestur:

Áhugasamir sendi starfsúmsókn ásamt ítarlegri ferilskrá á umsokn@a4.is fyrir 7. október

Hjá A4 leggjum við metnað okkar í að vera í fararbroddi á sviði skrifstofu-, skóla-, föndur- og hannyrðavara og við leggjum áherslu á góða og trausta þjónustu við viðskiptavinum.

Köllunarklettsvegi 10, 104 Reykjavík, sími 580 0000



Vífílfell er framsækið markaðs- og þjónustufyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði drykkjarvöru. Vörumerkjaflóra Vífílfells samanstendur af mörgum af þekktustu vörumerkjum veraldar og eru vörumerki frá The Coca-Cola Company þar fremst í flokki.

Við bjóðum upp á krefjandi starfsumhverfi þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og tækifæri til starfsþróunar.

Sérfræðingur á fjármálasviði

Helstu verkefni:

- Árangursmælingar og greiningarvinna
- Stjórnendaskýrslur og aðstoð við upplýsingagjöf til erlendra samstarfsaðila
- Aðstoð við umsjón með Microsoft BI kerfi Vífílfells
- Aðstoð við áætlanagerð
- Arðsemisútreikningar
- Þróun ýmissa reiknilíkana á fjármálasviði
- Ýmis gagnavinnsla og útreikningar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði eða viðskipta með áherslu á greiningarvinnu
- Reynsla af greiningarvinnu og þróun reiknilíkana
- Afbragðs kunnátta og þekking á Excel. Þekking á verkfærum á sviði viðskiptagreindar er kostur
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Góð kunnátta á önnur almenn tölvukerfi, s.s. Word, Powerpoint, samskiptaforrit ofl.
- Getur skipulagt og stýrt verkefnum og fylgt þeim eftir
- Er fær um að setja fram texta á skipulegan og skýran hátt og hefur góða framsögn
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Getur unnið undir álagi, er nákvæmur, jákvæður og getur leiðbeint öðrum

Gildi Vífílfells eru traust, virðing, frumkvæði og agi

Nánari upplýsingar veitir

Anna Regína Björnsdóttir forstöðumaður árangursmælinga

annaregina@vifilfell.is • sími 660 2521

Umsóknir óskast fylltar út á www.vifilfell.is.

Umsóknarfrestur er til og með 7. október 2013

FÉLAGS- OG SKÓLAÞJÓNUSTA RANGÁRVALLA- OG VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLU

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. óskar eftir að ráða kennsluráðgjafa/deildarstjóra skólaþjónustu og sálfræðing við skólaþjónustu byggðarsamlagsins.

Kennsluráðgjafi og deildarstjóri:

Gert er ráð fyrir að kennsluráðgjafi sé jafnframt deildarstjóri skólaþjónustunnar. Helstu verkefni og ábyrgðarsvið: Kennsluráðgjafi hefur yfirumsjón með rekstri skólaþjónustunnar og heldur utan um endurmenntun og kennsluráðgjöf til starfsfólks grunn- og leikskóla. Önnur hlutverk eru m.a. teymisvinna og samstarf við mismunandi fagstéttir, ráðgjöf sem snýr að uppeldi leik- og grunnskólabarna, samskipti heimila og skóla, gerð sérkennsluáætlaða ásamt greiningu og mati á stuðningsþörf nemenda.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun á sviði kennslu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi mikla reynslu af vettvangi skólaþjónustu og kennsluráðgjafar, hafi reynslu af stjórnun og búi yfir góðri hæfni í mannlegum samskiptum.

Sálfræðingur/skólasálfræðingur:

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið: Sálfræðilegar athuganir, ráðgjöf og þverfaglegt samstarf um málefni barna í leik og grunnskólum.

Menntunar og hæfniskröfur:

Mikilvægt er að viðkomandi hafi háskólamenntun í sálfræði, hafi reynslu af vettvangi skólaþjónustu og búi yfir góðri hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og launaneftdar sveitarfélaga. Búseta á svæðinu er æskileg og gott að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

Umsóknarfrestur:

Umsóknir ásamt starfsferilskrá og sakavottorði berist fyrir 15. október til formanns stjórnar á netfangið margret@rang.is eða í pósti: Félags og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, b.t. Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hellu. Nánari upplýsingar veitir Margrét í síma 861-0484 eða í tölvupósti.



HJÚKRUNARFRÆÐINGUR OG SJÚKRALIÐI

Læknahúsið ehf. Domus Medica auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi og sjúkraliða til starfa á skurðstofum fyrir-tækisins. Um er að ræða fjölbreytt störf í skemmtilegu starfsumhverfi í 50% starfshlutföllum á dagvinnutíma. Við leitum af kraftmiklum einstaklingum sem hafa ríka þjónustulund og mikinn faglegan metnað. Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að senda umsókn og ferilskrá á domusmedica@domusmedica.is fyrir 7. október.

Læknahúsið er einkarekið heilbrigðisþjónustufyrirtæki sem fagnar 30 ára starfsafmæli í ár. Hjú því starfa 30 manns á sviði almennra-, barna-, lýta-, svæfinga-, þvæfæra- og æðaskurðlækninga.



SHS

Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
sími 528 3000
shs@shs.is
www.shs.is

Byggingarverkfræðingur eða tæknifræðingur

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) auglýsir stöðu byggingarverkfræðings eða tæknifræðings lausa til umsóknar. Um nýja stöðu er að ræða sem heyrir beint undir sviðsstjóra forvarnasviðs. Forvarnasvið sinnir eldvarnaeftirliti og forvörnum á starfssvæði SHS og veitir leiðsögn til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Um fullt starf er að ræða og laun eru samkvæmt viðkomandi kjarasamningi.

Starfslýsing:

- Eftirlit með hönnun eldvarna og rýni hönnunargagna.
- Leiðsögn til hönnuða og byggingaraðila.
- Áhættugreining á stærri og flóknari mannvirkjum.
- Sérhæfðar skoðanir á eldvörnum mannvirkja vegna öryggis- og lokaúttekta og almenns eldvarnaeftirlits.
- Umsjón með samstarfsverkefnum forvarna- og útkallssviðs og samstarf við sveitarfélög vegna ýmissa verkefna.
- Þátttaka í þróunarvinnu á sviðinu auk fræðslu og leiðsagnar um eldvarnarmál.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Hafa lokið prófgráðu í byggingarverkfræði eða tæknifræði.
- Reynsla af úttektum bygginga og/eða eftirliti með byggingarframkvæmdum.
- Grunnþekking á eldvarnarmálum er æskileg, sem og reynsla af opinberri stjórnábyrgð.
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg og ritfærni.
- Enskukunnátta og þekking á einu Norðurlandamáli.
- Starfið krefst skipulagshæfni, frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða við úrlausn verkefna.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarnasviðs á skrifstofutíma í síma 528 3000 eða í gegnum netfangið bjarni.kjartansson@shs.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2013. Umsóknir skulu berast Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík merktar „Byggingarverkfræðingur/tæknifræðingur“ eða í ofangreint netfang.

SHS er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, viðbrögðum við mengunaróhöppum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa. Að rekstri SHS standa sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Framkvæmdastjórn sveitarfélaganna skipa stjórn SHS.



ÍSLENSKA SÍJA.IS ICE 65528 09/13

KOMDU TIL LIÐS VIÐ OKKUR

TÆKNIÞJÓNUSTA ICELANDAIR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI ÓSKAR EFTIR FLUGVIRKJUM Í FRAMTÍÐARSTÖRF

Við leitum að öflugum liðsmönnum til starfa í stærsta flugskýli landsins í tæknivæddu og alþjóðlegu umhverfi. Um er að ræða spennandi og krefjandi framtíðarstörf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á að ná árangri í starfi og hafa jafnframt metnað til að vinna sem hluti af öflugri liðsheild.

STARFSSVIÐ:

- Almenn flugvirkjastörf í stórskoðunum á B757-200/300
- Einnig koma til greina afleysingar í línu-umhverfi á Keflavíkurflugvelli og störf á erlendri grundu, séu tilskilin réttindi fyrir hendi

HÆFNISKRÖFUR:

- Próf í flugvirkjun frá viðurkenndum skóla
- Lögð er áhersla á færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Reynsla af vinnu í tölvuvæddu umhverfi

Nánari upplýsingar veita:

Theodór Brynjólfsson | tbrynjol@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 8. okt. 2013. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

ICELANDAIR



Starfsmaður óskast til starfa á Reyðarfirði

Starfið felur í sér vinnu við flokkun og móttöku á þeim efnum sem Hringrás tekur á móti á starfsstöð sinni við Hjallaleyru á Reyðarfirði.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi
1) Vinnuvélaréttindi (stærri prófið)
2) Meiraprófið
3) Lyftararéttindi

Jafnframt er æskilegt að viðkomandi hafi tölvukunnáttu og ADR réttindi.

Umsóknir sendist á starf@hringras.is fyrir 4. október

Hringrás er eitt öflugasta endurvinnslu- og umhverfisverndar fyrirtæki landsins, með starfsemi á 5 stöðum, og rekur einnig dótturfélag í sömu starfsemi í Kanada. Starfsmenn eru rúmlega 100 talsins. Hringrás endurvinnur ýmis konar úrgang frá einstaklingum og fyrirtækjum og breytir í verðmætt hráefni sem selt er á erlenda markaði til endurnýtingar í ýmskonar varning. Þannig stuðlar Hringrás að umhverfisvernd og öflun verðmæta. Hringrás vinnur eftir Iso 14001. Fyrirtækið fær formlega vottun á næstu mánuðum
Umsóknir sendast á starf@hringras.is fyrir 25. nóvember næstkomandi.



Náms- og rannsóknarstyrkur

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um náms- og rannsóknarstyrk fyrir árið 2013.

Styrkurinn nemur 1.250.000 kr.

Styrkurinn er ætlaður námsfólki sem vinnur að rannsóknarverkefni til lokaprófs á háskólastigi. Verkefnið skal tengjast Suðurlandi og þjóna ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.

Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 2013.

Nánari upplýsingar á www.fraedslunet.is og www.hfsu.is.

Sölumaður í þjónustuver

Við leitum að einstaklingi sem

- Er duglegur og sjálfstæður til verka
- Er góður í mannlegum samskiptum
- Hefur frumkvæði og metnað í starfi
- Hefur skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Býr yfir góðri tölvukunnáttu
- Býr yfir góðri kunnáttu á íslensku og ensku
- Getur unnið í hóp án vandkvæða
- Er móttækilegur fyrir nýjungum
- Er reyklus

Við bjóðum

góða vinnu með góðu starfsryggi og jákvæðum anda hjá fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfrækt í meira en 100 ár

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um

Allar umsóknir skulu sendar á bjorgvin@poulsen.is fyrir 10.10.2013.



Skeifan 2
S: 530 5900 | poulsen.is

Poulsen er söluaðili á vörum fyrir málningar- og réttingarverkstæði. Bjóðum upp á heimsþekkt vörumerki eins og bílalökk frá Dupont, Spies Hecker og öðrum tengdum vörum frá Farécla, 3M, DeVillbiss, Evercoat, Pilkington, og AGC svo fátt eitt sé nefnt.

Poulsen hefur þjónustað viðskiptavinum sína í yfir 100 ár.

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Sölufulltrúar í söluver


– 365 miðlar óska eftir öflugum sölufulltrúum.

Við leitum að kátu og skemmtilegu fólki sem kann að spjalla og hefur áhuga á að vinna í lifandi og spennandi umhverfi. Um er að ræða hlutastarf. Starfið fellst í sölu á vörum og þjónustum 365

Hæfniskröfur:

- Áhugi á sölumennsku.
- Áhugi á sjónvarpi, snjallsímum, spjaldtölvum og tækni.
- Ábyrgð og heiðarleiki.
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Sjálflærðir sölumenn eru velkomnir.

Áhugasamir vinsamlegast sakið um á www.365.is. Störf hjá 365, merkt „Söluver“.
Nánari upplýsingar veitir Benedikt Freyr, benediktj@365.is.



365

Vélsmiðir

Skipasmiðjusatkið MEST í Færeyjum:
Auglýst verður eftir vönum vélsmiðum til allar almennrar vélsmiðavinnu hjá Skipasmiðjusatkinu MEST í Færeyjum, til næstu 3-6 mánuða.
Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda inn skriflega umsókn ásamt ferilsskrá og afriti af sveinsbréfi og öðrum prófskránum til
MEST P/f J.C.Svabosgöta 31. P.O Boks 64 FO-100 Tórshavn, eða með tölvupósti á mm@mest.fo,
Nánari upplýsingar veitir Mouritz Mohr, framkvæmdastjóri í síma +298 791130.



SPENNANDI STÖRF HJÁ SAMGÖNGUSTOFU

Mannvirkja- og leiðsöguvið

- Sérfræðingur í stjórnslu- og eftirlitsverkefnum vegna hafnarmannvirkja
- Sérfræðingur í stjórnslu- og eftirlitsverkefnum tengd leiðsögu á sjó

Rekstrarsvið

- Bókari í fjármáladeild
- Matráður

Samhæfingarsvið

- Deildarstjóri öryggisáætlunardeildar

Siglingasvið

- Sérfræðingur í deild skírteina og skráninga í Kópavogi
- Sérfræðingur í deild skírteina og skráninga á Ísafirði
- Sérfræðingur í skipaefirliti

Umferðarsvið

- Hópstjóri umferðareftirlits

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á vef Samgöngustofu. Umsóknarfrestur er til og með **14. október 2013**. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Samgöngustofu, www.samgongustofa.is undir laus störf eða senda tölvupóst á netfangið atvinna@samgongustofa.is.

Samgöngustofa er stjórnslustofnun samgöngumála með um 160 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit með flugi, siglingum, og umferð. Þá sinnir stofnunin öryggiseftirliti með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á heimasíðu www.samgongustofa.is.

Samgöngustofa

Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

TJARNARBÍÓ

VILTU VINNA Í SKAPANDI UMHVERFI? TJARNARBÍÓ AUGLÝSIR EFTIR FRAMKVÆMDASTJÓRA OG TÆKNISTJÓRA

FRAMKVÆMDASTJÓRI TJARNARBÍÓS

Um er að ræða 75% starf. Viðkomandi hefur yfirumsjón með daglegum rekstri Tjarnarbíós. Má þar helst nefna; bókanir á húsnæðinu, samningagerð við leigutaka, markaðsmál, yfirumsjón með uppfærslu heimasíðu og á öðrum vefsvæðum. Jafnframt sinnir hann uppgjöri á viðburðum við leigutaka, fjármálum og bókhaldi, starfsmannahaldi, launaútreikningum, samskiptum við opinbera og erlenda aðila. Framkvæmdastjóri heyrir beint undir stjórn Menningarfélags Tjarnarbíós (MTB) og vinnur náið með leigutökum þegar kemur að markaðssetningu og ímynd Tjarnarbíós. Framkvæmdastjóri tekur þátt í því að móta listræna stefnu hússins. Jafnframt sinnir framkvæmdastjóri upplýsingagjöf til Reykjavíkurborgar. Starfið krefst oft óhefðbundins vinnutíma.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af því að starfa við rekstur og starfsmannahald.
- Þekking á skapandi greinum.
- Framúrskarandi í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Almenn tölvukunnátta (samfélagsmiðlar, uppfærsla á heimasíðu ásamt greinargóðri þekkingu á ritvinnslu og töflureikni).
- Hæfileiki til að tjá sig á íslensku og ensku í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til 14. október.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi 15. nóvember.

TÆKNISTJÓRI TJARNARBÍÓS

Um er að ræða 50% starf. Tæknistjóri er umsjónaraðili með ljósa,- hljóð og kvikmyndabúnaði Tjarnarbíós. Viðkomandi þarf að sinna útleigu á listviðburðum hvað varðar kennslu á búnað ásamt því að fylgja eftir þeim reglum sem settar eru um notkun og meðferð tækja. Einnig að sinna tilfallandi störfum í samráði við framkvæmdastjóra Tjarnarbíós er varðar annarskonar útleigu en listviðburði. Starfið er fjölbreytt og margþætt og hefur tæknistjóri yfirumsjón með skipulagningu æfinga/ viðburða í sal og þjónustar fasta leigjendur húsnæðisins. Vinnutími er breytilegur en starfið krefst oft óhefðbundins vinnutíma.

Hæfniskröfur:

- Menntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af hljóð- og ljósaönnun/stýringu.
- Þekking á tæknibúnaði hússins en upplýsingar um hann má finna á www.tjarnarbio.is undir flípanum Um Tjarnarbíó.
- Framúrskarandi í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Almenn tölvukunnátta.

Umsóknarfrestur er til 21. október.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. nóvember 2013.

Umsóknir skulu sendar á tjarnarbio@leikhopar.is Nánari upplýsingar veitir Gunnar Gunnsteinsson: leikhopar@leikhopar.is



Sjúkráþjálfari

Laus er til umsóknar 100% staða sjúkráþjálfara til að starfa með hópi fagfólks sem myndar öflugt lungnateymi á Reykjalundi. Viðkomandi mun sinna hluta af starfi sínu á miðlægri sólarhringsdeild

Hæfniskröfur eru:

- Íslenskt starfsleyfi.
- Góð og almenn færni í mannlegum samskiptum og samvinnu.

Auk þess er æskilegt að umsækjandi hafi reynslu af lungnasjúkráþjálfun og teymisvinnu.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi SSP og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings SSP og Reykjalundar.

Skriflegum umsóknum ásamt menntunar- og starfsferilsskrá skal skila fyrir 6. október 2013 til Sigrúnar Benediktsdóttur, forstöðusjúkráþjálfara, sem einnig gefur upplýsingar um starfið í síma 585 2160 eða í gegnum netfangið sigrunben@reykjalundur.is

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í nóvember eða eftir nánara samkomulagi.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teyllum þar sem áhersla er lögð á skjólstaðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

BAUHAUS er ein stærsta verslanakeðjan á byggingasviði í Evrópu og rekur yfir 220 verslanir í 15 Evrópulöndum. BAUHAUS er frumkvöðull að hugmyndafræðinni „allt undir einu þaki“. Markmið BAUHAUS er að geta boðið viðskiptavinum sínum mikið vöruúrval, faglega ráðgjöf, góða þjónustu og gæðavörur á góðu verð á einum stað. BAUHAUS hefur verið starfrækt í rúm 50 ár og hefur fyrir löngu sannað tilveru sína með gríðarlegu vöruúrvali, gæðavöru, faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu.



Allt fyrir hús, heimili og garða

Við leitum að öflugri viðbót við okkar frábæra hóp starfsmanna, í eftirfarandi stöður:

Garðyrkjumaður í Garðaland

